

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 16. júlí 2024
UST202405-315/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulagi - Deild og Landakot - Dælustöð hjá Hólmatúni - Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Deild og Landakot vegna dælustöðvar hjá Hólmatúni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir 785 m² lóð þar sem heimilt er að reisa dælistöð fyrir skólpi.

Auk þess kemur fram að til bráðarbirgða verði heimilt að reisa mannvirki, s.s. gám fyrir grófhreinsun á skólpi sem í dag rennur óhreinsað út í sjó við Hrakhólma. Heildarbyggingarmagn lóðar er allt að 100 m² að grunnfleti og hámarkshæð fyrir bráðarbirgðar mannvirki er allt að 3 metrar (22 feta gámur). Til frambúðar er gert ráð fyrir niðurgrafinni dælustöð, allt að einn meter að hæð þaðan sem skólpi verður dælt til varanlegrar hreinsistöðvar sem verður á öðrum stað. Við framkvæmdir skal þess gætt að jarðrask verði sem allra minnst og frágangur á yfirboði falli sem best að landslagi.

Fráveita

Umhverfisstofnun vill benda á að losun skólps frá Álftanesi er undir 10.000 pe. í sjó og þar með gilda lágmarkskröfur um viðeigandi hreinsun. Hvað felst í viðeigandi hreinsun fer eftir aðstæðum á hverjum stað og hafa þarf samráð við Heilbrigðisnefnd vegna þessa. Tryggja þarf að sú lausn sem er í skoðun sé samþykkt af Heilbrigðisnefnd sem gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með starfsemi.

Í reglugerð nr. 798/ 1999 segir í kafla 3.14 að viðunandi hreinsun er hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Auk þess segir í kafla 14.1 að Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun og hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, einkum ákvæði B-hluta I. viðauka og í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sjá að öðru leyti ákvæði III. og V. kafla reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur